

Sveinn Guðmundsson við disilvélina, sem Héðinn smíðaði fyrir Iðnsýninguna árið 1952. Tíma-mynd Gunnar.

Vélsmiðjan Héðinn 50 ára

ÞÓ—Reykjavík.

Það er sjaldgæft að konur skipi eingöngu stjórn fyrirtækis, þar sem karlmenn vinna flest verkin. En það er samt svo með Vélsmiðjuna Héðin, sem verður 50 ára 1. nóvember næstkomandi, að konur eru þar eingöngu í stjórn fyrirtækisins.

Vélsmiðjan Héðinn hf. var stofnsett 1. nóvember 1922 af þeim Bjarna Þorsteinssyni vélfræðingi og Markúsi Ivarssyni vélstjóra. Keyptu þeir félagar smíðju þá, er Bjarnhéðinn Jónsson, járnsmiður hafði starfrækt í Adalstræti 6b. Kaupverðið var 60 þúsund krónur, en starfsemi smíðjunnar hafði legið niðri í tvö ár eftir andlát hans. Gáfu þeir félagar Bjarni og Markús, smíðjunni nafnið Héðinn í virðingarskýni við minningu Bjarnhéðins.

Hugsjón þeirra Bjarna og Markúsar var að stofnsetja hér fullkomna vélsmiðju, er bæði gæti annazt vélavíðgerðir og smíðað ýmis áhöld og vélar. Aræði og dugnaður stofnendanna tveggja og hið góða samstarf, sem jafnan var einkennandi fyrir þá, mótaði starfsemi Héðins frá upphafi. Í Reykjavík voru starfræktar nokkrar minni smíðjur fyrir heimsstyrjöldina fyrri, en áhaldaeign þeirra var mjög bágborin, enda nær eingöngu um eld-smíði að ræða. Með komu togaranna í eigu landsmanna færðust víðgerðir og viðhald þeirra meira og meira yfir á íslenska hendur, og er Rafmagnsveita Reykjavíkur tók til starfa 1921 urðu brátt straumhvörf í öllum iðnrekstri í bænum. Olluhreyflarnir hurfu og rafhreyflarnir komu í staðinn.

Ur 60 fermetrum í 50 þúsund fermetra

Smíðja Bjarnhéðins, sem þeir Bjarni og Markús keyptu, var um 60 fermetrar af gólfleti og véla-kosturinn fábreyttur: tveir rennikkirkir, knúnir olluhreyflum, handsnúin borvél og fótstigin smergelskifa, og einn fjögurra kw rafmótor. Starfsmenn Héðins voru þá fjórir að tölu, er smíðjan hóf starfsemi sína, en eftir tvo mánuði voru þeir orðnir sjö. Vélum og áhöldum smíðjunnar fjölgaði jafnt og þétt. T.d. keypti Héðinn fyrsta rafsúðtækid, sem Íslendingar eignuðust árið 1926.

Núna eftir 50 ára starf ræður Héðinn yfir 50 þúsund fermetra gólfleti, og rafmótorar í véla-sölum Héðins eru nú orðnir 200 talsins með orku yfir 1200 kw.

Meginviðfangsefni Héðins fyrstu árin voru véla- og skipavíðgerðir, aðallega á botnvörpungum, eins og áður er sagt. Engin dráttarbraut fyrir slík skip var til í landinu og torveldaði það mjög allar skipavíðgerðir. Á ár-

unum 1932-1933 lét Slippfélagið í Reykjavík gera tvær dráttarbrautir, og var þá fyrst hægt að taka hér á land til víðgerðar botnvörpunga og minnstu millilandskip.

Árið 1933 stofnuðu Héðinn og Hamar Stálsmiðjuna hf., en að sögn forráðamanna Héðins var stofnun þess fyrirtækis mjög mikilsverð, og hefur sparad þjóðinni stórfé í erlendum gjaldeyri með bolvíðgerðum á járnskipum og annarri plötu- og ketilsmíði. Járnsteypuna stofnuðu sömu fyrirtæki sömuleiðis árið 1941.

Forstjóri í 30 ár

Sveinn Guðmundsson hefur verið forstjóri Héðins í 30 ár. Sveinn byrjaði fyrst hjá Héðni sem nemi árið 1929 og er hann því búinn að vinna í 43 ár hjá fyrirtækinu. Á fundi með fréttamönnum sagði Sveinn, að hann ætti margar góðar minningar frá starfi sínu. Þó væru sér tvær efst í huga. Sú fyrri er frá árinu 1936. Það ár kom Sveinn heim frá framhaldsnámi í Svíþjóð og var hann þá settur í það, að vinna við viðhald á prentvélum hjá Ísafold. Vann Sveinn við þetta allt sumar, og hafði 60 krónur í vikukaup hjá Héðni, en þegar hann hætti hjá Ísafold um haustið, þá færði prentsmíðjustjórinn honum 1000 kr. að gjöf, sem þá var þriðjungur árslauna. Hin minningin er síðan, að ákveðið var að Sveinn yrði forstjóri Héðins. Bjarni Þorsteinsson kom einn daginn askvæðandi að Sveini og sagðist ekki búast við að verða langlífur — og skipaði Svein, sem næsta forstjóra Héðins.

Sveinn sagði, að á styrjaldarárunum 1939-1945 hefðu allar véla- og skipavíðgerðir flutt inn í landið, og þá var tekin upp margháttuð nýsmíði á tækjum og vélum, er áður voru fluttar inn erlendis frá. Fullkomnar flokkunarvíðgerðir voru framkvæmdar, í samvinnu við Stálsmiðjuna smíðaðar voru vélar og tæki fyrir

sildar- og fiskimjölsverksmiðjur og hraðfrystihús landsins. A þessum árum fjölgaði starfsfólki fyrirtækisins stórlega.

Á árinu 1941 var svo hafizt handa um byggingu núverandi húsakynna fyrirtækisins við Seljaveg. A þessum stað fór svo til öll starfsemi Héðins fram til ársins 1966, er sett var upp útibú í Garðahreppi Garða-Héðinn hf., og eru helztu viðfangsefni þess framleiðsla stálgrindahúsa.

Héðinn hefur, samhliða þjónustunni, ávallt haft með höndum fjölbætta framleiðslu. Það má t.d. nefna að á Iðnsýningunni 1952 var til sýnis fyrsta dieselvélina, sem smíðuð var á Íslandi, en hún var smíðuð í Héðni. Fyrsta stóra frystivélina kom á markaðinn 1953, og í október 1954 var tekið í notkun fyrsta íslenska sodkjarnatækid, en með sodkjarnatækjunum jókst mjöflframleiðsla fiksímjölsverksmiðjanna um 20%. Þá framleiðir Héðinn ísvélar fyrir frystihúsin og á næstunni kemur ísvél frá Héðni, sem afkastar 35 tonnum af skelis á sólarhring.

554 nemar

Í þau 50 ár, sem Héðinn hefur starfað, hefur fyrirtækið haft 554 nema í læri. Að jafnaði starfa 200 manns hjá fyrirtækinu, og oft fleiri, þegar stór verkefni eru á döfinni. Af núverandi starfsmönnum Héðins hafa 72 unnið 10 ár eða lengur, sá elzti 48 starfsár að baki, en elzti starfsmaður Héðins er nú 89 ára. Í vinnulaun hefur fyrirtækið greitt samtals 626 milljónir króna.

Sem fyrr segir er stjórn Héðins eingöngu skipuð konum og stjórnina skipa nú: Guðrún Markúsdóttir, formaður, Sigrún M. Möller og Kristín Sveinsdóttir.

Nú á hálfri aldar afmælinu hefur Héðinn komið á fót sýningu í húsakynnum sínum, er gefur nokkra yfirsýn yfir starfsemi fyrirtækisins, og þá menn, sem hafa komið við sögu þess.

Frá Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur

Enn eru lausar nokkrar 3ja og 4ra herbergja íbúðir í byggingaflokki félagsins, sem er að Vesturbergi 144-148. Teikningar og nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins að Laugavegi 178.

Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur.

Auglýs endur

Auglýsingar, sem eiga að koma í blaðinu á sunnudögum þurfa að berast fyrir kl. 1 á föstudögum.

Augl.stofa Tímans er í Bankastræti 7, Símar: 19523 - 18300.

Orðsending til kvenna

frá Leitarstöð B

Athygli skal vakin á því að konur á aldrinum 25-70 ára, og fengið hafa bréf undanfarna mánuði um að koma í skoðun, geta komist að fljótlega, og sama gildir um þær sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fengið bréf. Dragið ekki að panta tíma. Sími 21625 fyrir hádegi.

Krabbameinsfélag Íslands,
Suðurgötu 22

Ursus-dráttarvélar

C-335, 40 hestöfl, din á kr. 209.290.00
C-355, 60 hestöfl, din á kr. 289.890.00
Gerid samanburð á verðum og gæðum — vinsamlega.

Gísli Jónsson & Co. h.f.

Skúlagata 26 — Sími 1-17-40

Vélaborg


Skeifan 8 — sími 3-85-57.



**SÖNNAX
RAFGEYMAR**

SMYRILL
ÁRMÚLA 7 — SÍMI 84450

Sæluvika með SUNNU í London



Flögið beint alla sunnudaga.

Verð frá 14.900,—.

Dvöl á Hotel Kennedy, sem er 1. flokks hótél, öll herbergni með einkabaði og sjónvarpi. Verð 16.900,—.

Kynnið yður hinar fjölbreyttu kynnis- og leikhúsfærðir.

Útvegum 10% afslátt í ýmsum góðum verzlunum og meðlimakort á skemmtistaði.

**sunna
travel**

**FERÐASKRIFSTOFAN SUNNA BANKASTRÆTI 7
SÍMAR 16400 12070**